

Mál nr. 192/2021**M og****V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og****V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.****Árekstur á Biskupstungnabraut skammt austan afleggja að Reykjavöllum þann 21.2.2021.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 11.5.2021, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V, dags. 28.5.2021.

Málsatvik.

A var ekið eftir afleggja frá Reykjavöllum og beygt til hægri inn á Biskupstungnabraut áleiðis til austurs. Á sama tíma var B ekið austur Biskupstungnabraut og hafnaði aftan á A. Samkvæmt sameiginlegri tjónstilkynningu sem ökumenn útfylltu og undirrituðu á vettvangi mun hægra framhorn B hafa rekist á vinstra afturhorn A. Þegar áreksturinn varð mun hafa verið bjart af degi og þurr færi.

Að sögn ökumanns A var B ekið aftan á A um 30-40 m frá gatnamótunum. Hafði hann séð B koma yfir hæð á veginum vinstra megin við afleggjarann.

Ekkert er haft eftir ökumanni A í gögnum málsins að öðru leyti en því að á sameiginlegri tjónstilkynningu sem ökumenn útfylltu á vettvangi er af hálfu ökumanns B hakað í reit þar sem fram kemur að B hafi verið ekið aftan á A sem var ekið á sömu akrein og í sömu átt.

Álit.

Á afleggjaranum frá Reykjavöllum hvílir biðskylda gagnvart umferð á Biskupstungnabraut. Ökumanni A bar því að veita umferð á Biskupstungnabraut forgang áður en hann ók inn á hana, sbr. 2. mgr. 26. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Samkvæmt afstöðumynd af vettvangi sem er rissuð upp í sameiginlegri tjónstilkynningu ökumanna er sýnt að brot úr bifreiðunum hafi fallið á akbrautina rétt austan við afleggjarann frá Reykjavöllum. Af þessu verður ekki dregin önnur ályktun en sú að áreksturinn hafi orðið í sömu andrá og í beinu framhaldi af því að A var ekið inn á Biskupstungnabraut. Af fyrirliggjandi ljósmyndum verður önnur ályktun heldur ekki dregin. Hefur ökumaður A því brotið gegn forgangsrétti B og telst hann því eiga sök á árekstrinum. Samkvæmt gögnum málsins verður að telja ósannað að ökumaður B hafi ekið hraðar en heimilt var eða á annan hátt hagað akstri sínum þannig að unnt sé að virða það honum til sakar. Er því ekki efni til að leggja sök á ökumann B vegna áreksturs þessa. Verður öll sök því felld á ökumann A.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á ökumann A.

Reykjavík, 22. júní 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.